

## **21. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 10. janúar 2007.**

**Mættir:** Aðalheiður, Arne, Guðbjörg og Svala.

### **Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Rauði róló.
3. Fundir með foreldrafélögum Síðuhverfis.
4. Kjalarsíða 1 – stúdentagarðar.
5. Þorrablót
6. Önnur mál

### **1. Fundargerð Síðasta fundar:**

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### **2. Rauði róló:**

Fundarmenn lýsa yfir ánægju með góðar undirtektir framkvæmdaráðs og vonast er eftir að sjá lýsingu á vellinum innan stundar.

### **3. Fundir með foreldrafélögum Síðuhverfis:**

Búið er að funda með aðila frá foreldrafélagi Sunnubóls og verið er að vinna með þær hugmyndir sem bárust frá honum.

Nefndarmenn klára svo að funda með þeim foreldrafélögum sem eftir eru á næstunni.

### **4. Kjalarsíða 1:**

Nefndin lýsir yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið tekið til greina þær athugasemdir sem bárust vegna fyrirhugaðrar byggingar.

Einnig eru vonbrigði með að einungis hafi borist ein athugasemd frá íbúa hverfisins til Hverfisnefndar.

### **5. Þorrablót:**

Fyrirhugað er að halda þorrablót hverfisins laugardaginn 3. febrúar.

Ákveðið að halda þorrablótsfund miðvikudaginn 24. janúar kl: 20:00.

## 6. Önnur mál:

Formenn hverfisnefnda á Akureyri funduðu með aðilum frá Akureyrarbæ vegna Hverfisráðs í Hrísey. Ekki kom nein niðurstaða vegna málsins og stendur til að skoða það mál nánar.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---